

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir

7. tölublað 15. árgangur

ÁGÚST 2020



Gleymum ekki grímunum!

Rósa Rúnudóttir snyrti- og fóttaðgerðafræðingur á fóttaðgerðastofunni Furugerði 1 gleymir ekki að setja upp grímuna þegar hún er að sinna viðskiptavini eins og öllum þeim sem vinna í návígi við fólk er skylt. Grímurnar eru öryggisatrið, ekki bara fyrir þá sem bera þær heldur líka fyrir þá sem eru í kringum þá. Notum þær!

Ljósmynd: Simon Vaughan, simonvaughanljósmyndari.com

✓ Smur- og hjólbarðapjónusta
✓ Alhliða bílaviðgerðir og viðhald

SMURÞJÓNUSTA - SAMNINGAR VIÐ ÖLL HELSTU BÍLAUMBOD

Smurstöðin KLÖPP
Við Vegmúla • Sími 553 0440
Opíð mánudaga - fimmtudaga 8-18
föstudaga 8-16

Slökum á í heita pottinum

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

FISKBÚÐIN SUNDLAUGAVEGI



Njóttu ferðalagsins

Stoppaðu við áður en þú heldur úr bænum

FAGLEG RÁÐGJÖF / LYF / SNYRTIVÖRUR / HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

REYKJAVÍKUR  APÓTEK
HÉÐINSHÚSINU SELJAVEGI 2 – SKEIFUNNI 11

Góð þjónusta - Lágð verð

Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir

Útgefandi: Með oddi og egg ehf.
Sundlaugavegi 7 • 105 Reykjavík

Prentun: Landsprent
Drei "Hollywood glam" í FÁ fíng:

Auglýsingar: marg@heimsnet.is (Már) sími: 568 8862
Ritstjóri/Framkvæmdastjóri: Már Guðlaugsson, (ábm)
Símar: 822 9688, 568 8862 • netfang: marg@heimsnet.is
Pennar: Benóný /Egisson netfang: benaegis@simnet.is
Hildur Gunnarsdóttir • hildur.ama.gunnarsdottir@gmail.com
Ljósmyndari: Simon Vaughan, simonvaughanljósmyndari.com



Eignaumsjón hf • Suðurlandsbraut 30 • 108 Reykjavík
www.eignaumsjon.is • sími 551 3160



Undirbúningur fyrir skólastarf hafinn

Plötulopi • Léttlopi • Einband • Rennilásar • Tölur



Handprjónasambandið
Skólavörðustíg 19
Borgartúni 31
Sími 552 1890



Tölur • Rennilásar • Einband • Léttlopi • Plötulopi

Stjórnendur eru farnir að undirbúa skóla- og frístundastarfið í Reykjavík sem hefst 24. ágúst og er gert ráð fyrir því að það verði með hefðbundnum hætti. Óvenjumargir nýir skólastjórnendur eru að hefja störf þetta haustið.

Grunnskólum borgarinnar fjölga þetta haustið úr 36 í 38 þar sem þrír nýir skólar taka nú til starfa í norðanverðum Grafarvogi í stað tveggja áður. Áður voru þar Vættaskóli og Kelduskóli en verða frá og með hausti Borgaskóli og Engjaskóli og Víkurskóli sem er nýsköpunarskóli á unglingsstigi. Þá mun Háaleitisskóli, sem rekinn var á tveimur starfsstöðvum, skiptast í

tvo skóla að nýju, Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla.

Nýir skólastjórnendur

Óvenjumargir nýir skólastjórnendur eru að hefja störf þetta haustið eða átta.

• Arnheiður Helgadóttir er nýr skólastjóri Klettaskóla en hún starfaði áður sem verkefnastjóri sérkennslu á skóla- og frístundasviði borgarinnar.

• Árný Inga Pálsdóttir er nýr skólastjóri Borgaskóla en hún var áður skólastjóri Kelduskóla.

• Álfheiður Einarsdóttir er nýr skólastjóri í Engjaskóla en hún var áður

aðstoðarskólastjóri í Vættaskóla.

• Berglind Stefánsdóttir er nýr skólastjóri í Hlíðaskóla en hún starfaði síðast sem skólastjóri Ái fólkhögskole í Noregi.

• Dagný Kristinsdóttir verður skólastjóri í Hvassaleitisskóla en hún starfaði síðast sem framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu við Háskólann á Bifröst.

• Helgi Gíslason er nýr skólastjóri í Fellaskóla en hann hefur verið aðstoðarskólastjóri þar síðastliðin ár.

• Rósa Harðardóttir tekur við stjórnartæmum í Selásskóla en hún starfaði áður sem verkefnastjóri við skólann.

50 útilistaverk löguð í sumar

Það er að mörgu að hyggja í Listasafni Reykjavíkur og eitt af mikilvægustu verkefnum á hverju sumri er að yfirfara útilistaverkin í borginni. Þau eru þrífín og bónuð, gert er við skemmdir og þau máluð svo eitthvað sé nefnt.

Verkefnið hefur gengið einstaklega vel í sumar enda komu til starfa framúrskarandi námsmenn fyrir tilstuðlan vinnumarkaðsátaks Reykjavíkurborgar og Vinnuálastofnunar fyrir námsmenn. Útilistaverkavíðgerðarhópurinn hefur í sumar snert á um fimmtíu verkum í borgarlandinu en alls eru þau tæplega 200.

Hér stendur hópurinn við verkið Hyrningar VI eftir Hallstein Sigurðsson, frá árinu 1975. Verkið stendur á horni Langhóltsvegur og Álfheima. Efri röð frá vinstri: Steinn Völundur Halldórsson, Lorenzo Imola og Guðni Rósmundsson. Neðri röð: Jeannette Castioni, forvörður og Erik Hirt, sérfræðingur safneignar





ÓDÝR

Gleraugu með glampa- og rispúvörn



Verð 19.900 kr

Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 5.0 með cyl. til 2,0.

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002



SIJÓNTÆKJAVERSLUN

Lágt lyffjaverð alla daga vikunnar í Suðurverri.

Mán. til fös. Lau. Sun.
Opíð: 08 - 20 10 - 18 13 - 18



FARMASIA

Suðurverri
Stigahlíð 45
105 Reykjavík
Sími 511 0200
facebook.com/farmasiaapotek



Full búð af nýjum vörum á frábæru verði



Útisýning á bestu blaðaljósmyndunum

Alls 39 ljósmyndir frá árlegri sýningu Blaðaljósmyndarafélags Íslands eru nú til sýnis meðfram Sæbrautinni og við Hörpu. Stendur sýningin yfir til sumarloka. Ljósmyndirnar eru úrval af bestu blaðaljósmyndum ársins 2019 að mati dómnefndar Blaðaljósmyndarafélagsins og gefa innsýn í helstu fréttir og umfjöllunarefni fjölmiðla síðastliðins árs.

Stærri útgáfa af sýningunni var í vor sýnd í Ljósmynda-safni Reykjavíkur en í samstarfi Reykjavíkurborgar og Blaðaljósmyndarafélags Íslands er hluti hennar nú til sýnis utandyra. Er það liður í því að efla menningu, útivist og mannlíf í miðborginni undir merkjum Sumarborgarinnar.

Er mælt með því að borgarbúar og gestir taki sér göngu-túr frá Hörpu og meðfram Sæbrautinni til að njóta sýningarinnar auk annarra útilistaverka sem þar eru í eigu Reykjavíkurborgar, en þau eru Sólfarið eftir Jón Gunnar Árnason, Íslandsvarðan eftir Jóhann Eyfells og Fjöruverk eftir Sigurð Guðmundsson.

Blaðaljósmyndarar á Íslandi hafa haldið blaðaljósmynda-sýningu allt frá árinu 1980. Velur dómnefnd bestu myndirnar úr innsendum myndum og er þeim skipt í sjö flokka, sem eru fréttamyndir, daglegt líf, íþróttamyndir, portrettmyndir, umhverfismyndir, tímaritamyndir og myndaraðir.



Markaði, maraþoni og menningu frestað

Stjórn Íbúasamtaka Laugardals hefur ákveðið að taka mið af núverandi ráðleggingum um sóttvarnir og aflýsa útimarkaði Íbúasamtakanna sem haldinn hefur verið í lok ágúst undanfarin ár. Einnig hafa samtökin þurft að fresta aðalfundi sínum í ár.

Menningarnótt í Reykjavík hefur verið aflýst vegna heimsfaraldurs Covid-19. Það var ákveðið á fundi neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar en þetta er í fyrsta sinn frá árinu 1996 sem Menningarnótt fer ekki fram en hún er haldin í miðborginni fyrsta laugardag eftir afmæli Reykjavíkurborgar, þann 18. ágúst. Hefur hátíðin vaxið ár frá ári og verið afar fjölsótt. Fyrir í sumar stóð til að

dreifa hátíðardagskránni yfir tíu daga tímabil en í ljósi hertari samkomureglna þótti rétt að aflýsa henni. Reykjavíkumaraþoninu hefur einnig verið aflýst en verkefnið Hlauptu til góðs þar sem hlauparar safna áheimum hefur ekki verið blásið af. Hver og einn getur skráð sig og safnað áheitum fyrir sitt góðgerðarfélag og hlaupaátakið stendur yfir frá 15.- 25. ágúst 2020 en áheitasöfnuninni lýkur miðvikudaginn 26. ágúst.

Til að bæta gráu ofan á svart sást maður hlaupa alsnakinn upp Hraunteigin og niður Laugateigin á dögnum. Hann var þó með sóttvarnargrímu.. nei djók, þetta var algjörlega grímulaus dóni.

Tilboð 17

10 bitar fyrir 4-5

5 Stórir bitar og 5 minni. Stórt hrásalat og kokteilsósa. Stór af frönskum og 2l. Pepsi.

Kjúklingastaðurinn
★ Suðurveri ★

McCaïn



kjúklinga
vefjur og borgarar



Kjúklingastaðurinn
★ Suðurveri ★

Við erum hér!



Kringlan

GÖNGUGREINING

Ertu með verki í ökklum, hnjám, mjöðmum eða baki?

Bókaðu tíma á faeturtoqa.is eða í síma 55 77 100



FÆTUR TOGA

LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Bæjarlind 4
Kringlan 3. hæð

DÝRALÆKNASTOFA
DAGFINNS
www.dagfinnur.is

Opið 8:30-17:00
Bílastæði á lóðinni
Skólavörðustíg 35A - Verið velkomin

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi



SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Haustvörurnar streyma inn

Nýtt frá ZHENZI



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

Laugarnar í Reykjavík

2m

Höldum bilinu og sýnum hvert öðru tillitssemi

ITR

www.itr.is

Sálfræðingur tekur til starfa hjá FÁ



Andri H. Oddsson sálfræðingur

Andri Haukstein Oddsson er nýráðinn sálfræðingur við Fjölbautarskólann við Ármúla en hann er fyrsti sálfræðingurinn sem ráðinn er til Fjölbautarskólans. Við byrjuðum á að spyrja Andra um hvaða þýðingu það hefið að hafa sálfræðinga starfandi í framhaldsskólum.

Þýðingin er margþætt, segir Andri, en kannanir og rannsóknir hafa sýnt fram á að margir nemendur eru að glíma við kvíða, depurð og allskonar persónulegan vanda en þetta er oft viðkvæmur tími í lífi fólks. Aðgengið er nú loks orðið mjög gott því það er auðvelt að leita til mín, senda mér tölvupóst eða koma við á skrifstofunni og tilgangurinn er að bæta líðan nemenda sem hefur þá vonandi þau áhrif að bæta námsárangur. Vonandi dregur þetta úr brottfalli og getur stutt við nemendur til að útskrifast á tilsettum tíma og þetta er forvörn við vanda sem gæti orðið flóknari síðar á lífsleiðinni. Ég fæ fólk í heimsókn til mín og ég get vísað fólk áfram á Heilsugæsluna eða Landspítalann ef það eru flóknari mál.

Nú standa dyr þínar ávallt opnar en gerirðu eitthvað til að nálgast þau af fyrra bragði?

Nýnemarnir eru að koma í næstu viku og þá stendur til að ég sé á staðnum til að kynna mig og þjónustuna sem ég hef uppá að bjóða. Það eru hugmyndir uppi um að ég komi inn í lífsleiknitímana til að kynna mig en einnig með fræðslu en þar sem ég er alveg nýbyrjaður er ekki komin alveg full mynd á þetta en ég mun reyna að vera sýnilegur og hugsanlega vera með fræðsluerindi þannig að ég geti náð til stærri hóps.

Nú verður þú í hálfu starfi hjá FÁ en starfar líka fyrir Fangelsismálastofnun.

Já ég starfa sem sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun á móti starfinu hjá FÁ. Ég hóf nám í sálfræði árið 2009 við Háskólann í Reykjavík þar sem ég tók BS námið á þremur árum og útskrifaðist 2012 en tók

mér þá smápásu og var að vinna með fólk með geðraskanir. Ég flutti svo til Maastricht í Hollandi og tók eins árs meistaranám í félags- og heilusálfræði þar en flutti aftur heim 2015. Ég hóf þá meistaranám í klínískri sálfræði við Háskólann í Reykjavík og útskrifaðist þaðan 2017 og var þá ráðinn til fangelsismálastofnunar en það er mitt fyrsta starf sem sálfræðingur.

Hjá Fangelsismálastofnun sinni ég einstaklingsviðtölum og hópnámskeiðum og geri áhættumat fyrir stofnunina á mönnum sem hafa framið tiltekin, kannski alvarlegri brot eins og kynferðisbrot og alvarleg ofbeldisbrot. Þegar þeir eru komnir á tíma til að fá reynslulausn ber okkur að gera áhættumat og meta líkurnar á að viðkomandi brjóti aftur af sér. Við reynum að finna áhættuna og á hvaða stuðningsneti viðkomandi þarf á að halda til að geta fótáð sig að nýju svo hann leiðist ekki aftur á sömu braut. Ég sinni fangelsunum á Litla-Hrauni, Hólmsheiði og Sogni.

Eru þetta ekki ansi ólíkir skjólstæðingar sem þú sinnir í þessum tveimur störfum?

Jú það er óhætt að segja það. En engu að síður erum við öll manneskjur í grunninn og erum öll að glíma við okkar vanda en hann er vissulega mismikill og misflókinn. Mikið af þessum mönnum sem fara í fangelsi eru einstaklingar frá brotnum heimilum og hafa erfða sögu að baki en auðvitað er það líka til hjá fólk í samfélaginu þannig að þó störfín séu ólík er þó margt líkt. En báðir þessir vettvangar eru spennandi og skemmtilegir og það að fá að vinna með ungu fólk á framhaldsskólástigi er mjög gefandi og mér hefur gengið vel að vinna með ungu fólk. Ég framkvæmdi rannsókn á líðan háskólanema sem lokaverkefni í meistaranáminu sem vakti talsverða athygli og var rannsóknin m.a. nýtt til að undirstrika mikilvægi þess að bjóða upp á sálfræðipjónustu í háskólum landsins. Ég hef því lengi haft áhuga á þessum vettvangi.

En hver er Andri, hver eru áhugamál hans fyrir utan starfið?

Ég hef mikinn áhuga á sögu og ég hef mikinn áhuga á líkamsrækt og íþróttum almennt en ég er lærður einkaþjálfari og hef áhuga á öllu sem tengist kraftasporti og eins á körfubolta. Ég er líka svoltill áhugamaður um niunda áratuginn, eitiskvikmyndir og eitistónlist, ég safna gömlum hasarmyndum og Arnold og Stallone eru í miklu uppáhaldi.



MotorMax

SMURSTÖÐ

Við smyrjum allar tegundir bíla

OPNUNARTÍMI

Mánudaga - Föstudaga

Laugardaga

7:45 - 18:00

10:00 - 14:00

ENGAR TÍMAPANTANIR!

VIÐ ERUM VARNAGÖRÐUM

motormax@motormax.is

Simi: 545 4040

100 ár frá fyrsta Íslandsmeistaratitlinum



Knattspyrnufélagið Víkingur árið 1920 ásamt þeim verðlaunagripum sem félagið hafði unnið, þar á meðal Íslandsmeistarabikarinn 1920

Nú eru liðin 100 ár frá því að brotið var blað í sögu Knattspyrnufélagsins Víkinga, en árið 1920 varð félagið Íslandsmeistari í fótbolta í fyrsta skipti. Víkingur vann bæði KR og Fram á Íslandsmóttinu, en Valur tók ekki þátt vegna mannekle. Víkingur var óumdeilanlega besta knattspyrnufélag landsins þetta ár, ekki aðeins í 1. flokki heldur einnig í öðrum flokkum. 2. flokkur vann bæði vor- og haustmót og 3. flokkur vann haustmótið. Víkingur naut vinsælda og náði líka árangri í öðrum greinum; fékk tvenn verðlaun fyrir boðhlaup um sumarið og einnig verðlaun fyrir hástökk, langstökk, 100 og 800 metra hlaup. Íslandsmótið í knattspyrnu árið 1920 fór fram dagana 22.-27. júní. Fyrir fyrsta leikinn var safnast saman á Austurvelli þar sem hornablásarar léku og síðan var gengið fylktu liði suður á íþróttavöllinn á Melunum. Veður var óhagstætt í fyrsta leiknum, viðureign Víkinga og Fram. Þrátt fyrir seiddandi tóna hornaflokksins voru ekki margir áhorfendur á vellinum, eins og hefði átt að vera við jafngóðan kappleik, máske einum þeim besta sem farið hefur fram á vellinum, sögðu dagblöðin á þessum tíma og rifjað er upp í bók Sigmundar Steinarsson um 100 ára sögu Íslandsmótsins. Víkingar unnu

leikinn 4:3 og skoraði Helgi Eiríksson tvö, en Óskar Norðmann og Ágúst Jónsson sitt markið hvor. Víkingar unnu KR-inga örugglega í síðasta leik Íslandsmótsins, 5:2. Í Vísi segir svo um lok Íslandsmótsins. „Og það er engin tilviljun að Víkingur vann í þetta sinn og hlaut nafnbótina Besta knattspyrnufélag Íslands. Hann sýndi það í kappleiknum við KR í gærkvöldi, að hann á þá nafnbót með réttu! Leikurinn var einhver sá besti sem hér hefur sést, og svo mátti heita, að Víkingur héldi knettinum allan tímann á vallarhelmingi KR. Kapp var mikið af beggja hálfu, en Víkingar voru liprari og betur samtaka og alltaf á verði ...“

Yngstu meistarar sögunnar
Ólafur Þorsteinsson, formaður fulltrúaráðs Víkinga, hefur tekið eftirfarandi saman um þetta fyrsta meistaralið Víkinga, en reyndar komu sömu leikmenn að hluta til við sögu fjórum árum síðar þegar Víkingar sigruðu aftur á Íslandsmóttinu í fótbolta. „Leikmenn Víkinga voru ungir að árum er þeir urðu Íslandsmeistarar árið 1920 og var meðalaldur þeirra aðeins 18,4 ár. Víkingaliðið er það yngsta sem hefur orðið Íslandsmeistari samkvæmt upplýsingum í bókinni um Íslandsmótið í knattspyrnu. Einar Baldvin

Guðmundsson var yngstur leikmanna Víkinga, en hann var 16 ára er mótið fór fram. Þrír leikmenn voru 17 ára, tveir 18 ára þrír 19 ára, tveir voru nýorðnir títulgir og elstur

var markvörðurinn Harald Aspelund, 21 árs. Eins og áður segir var Einar Baldvin Guðmundsson, síðar hæstaréttarlögmaður, f. 1903 og d.1974, yngsti leikmaður Víkinga til að verða Íslandsmeistari, eða 16 ára. Þetta met stendur enn. Einar Baldvin var fæddur á Hofsósi við Skagafjörð en fluttist til Reykjavíkur 1916 með móður sinni, Jóhönnu Stefánsdóttur, sem þá var orðin ekkja, nánar tiltekið í húsi nr. 2 við Skólalbrú. Þar bjuggu Ólafur Þorsteinsson læknir og kona hans, Kristín Guðmundsdóttir, með sonum sínum þremur. Kristín var systir Einars Baldvins. Einar Baldvin bjó í Skólalbrú fram undir árið 1929. Hann sótti nám af kappi sitt hvorum megin við Skólalbrú 2, þ.e við Menntaskólann í Reykjavík, stúdent 1923, og síðar í Alþingishúsinu, en þar var Háskóli Íslands til húsa frá 1911 til 1940, þar sem hann lauk lagaprófi 1928 með láði og síðar prófi til málfutnings fyrir Hæstarétti Íslands árið 1934. Að námi loknu var Einar Baldvin ráðinn og síðar meðeigandi frá árinu 1935 að elstu málfutningskrifstofu í Reykjavík, sem Sveinn Björnsson, síðar fyrsti forseti Íslands, stofnaði árið 1907. Hann starfaði þar til æviloka 1974. Segja má um Einar Baldvin að hann hafi verið eitt fyrsta ungstirnið á vettvangi knattspyrnu-

unnar hér á landi sem eftir var tekið. Hann var mikill leiðtogi á velli, staðsettur á miðjunni og átti það til að skora mörk af löngu færi. Einar Baldvin var alla tíð mikill Víkingur og fylgdist vel með félaginu og framgangi þess. Á kontór á heimili hans að Víðimel 27 skipuðu ljósmyndir frá Víkingarárunum heiðurs sess. Sonur Einars Baldvins, Axel, hrl., f.1931–d.1986, fylgdi í fótspor föður síns. Hann var leikmaður félagsins bæði í handknattleik og knattspyrnu og mikill félagsmálamaður, síðar formaður HSÍ. Þá voru systursonur Einars Baldvins, Þorsteinn Ólafsson tannlæknir, sem og sonur hans, Ólafur viðskiptafræðingur, mikilvirkir Víkingar sem leikmenn og félagsmálamenn. Ekki má gleyma tengdasyni Einars Baldvins, Árna Indriðasyni sagnfræðingi, einni af handboltahetjum landsins og liðsmanni í liði Víkinga um árabíl, en liðið var fyrir fáeinum árum úrskurðað í almennri atkvæðagreiðslu besta lið handboltasögunnar á Íslandi. Sonur Árna og Kristínar Klöru, dóttur Einars Baldvins, Einar Baldvin, hdl., gat sér sömuleiðis gott orð á handboltavellinum.“

Höfundur textans er Ágúst Ingi Jónsson




Íslandsmeistarar Víkinga í knattspyrnu árið 1924. Frá vinstri: Þórður Albertsson, Einar Baldvin Guðmundsson, Halldór Halldórsson, Helgi Eiríksson, Valur Gíslason, Ingólfur Ásmundsson, Páll Andrésson, Sigurður Waage, Halldór Jónsson og Óskar Norðmann

f.á FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

FJARNÁM

Skráning hefst 23. ágúst og stendur til 3. september
á slóðinni www.fa.is/fjarnam.
Önnin hefst 7. september.





TÍMADJÁSN
HELGI KRISTINSSON
GULLSMÍÐUR

Efstaland 26 Grímsbæ sími 5539260



Pankar Jónu Rúnu



Fermingar í skugga faraldurs

Með vorinu fara vanalega að bresta á tímabil ferminga hjá mörgum fjölskyldum þótt önnur hafi verið raunin hjá flestum þetta árið. Ég er svo lánsöm að eiga eina dótturdóttur sem átti að fermast í apríl með öllu tilheyrandi, en því miður varð að fresta messu og veislu um óákveðinn tíma sökum veirufaraláðurs sem er að ganga yfir heimsbyggðina. Það er eins og aðeins augnablik hafi liðið síðan dóttursonur minn fermdist en það eru víst komin tvö ár frá þeim merka degi. Dóttir mín, sem valdi þó sjálf á sínum tíma að fermast ekki, hefur staðið í ströngu ásamt dyggri vinkonu, við að skipuleggja fermingardaginn og þá ekki sist veisluna. Ég sjálf tók mér ársfrest til umhugsunar og fermdist því 15 ára gömul. Stóra systir mín hún Anna sá um hárgreiðsluna sem var alveg svakleg túbering og ég man enn hvað ég grét yfir fermingarmyndinni sem mér fannst alveg hræðileg en er svo sátt við í dag. Það hefur margt breyst frá fyrri tíð og ég held að það hafi síst dregið úr mikilvægi dagsins eða spennunni sem fylgir öllu umstanginu. Kröfur fermingarbarnanna sjálfra eru þónokkrar og eftirvæntingin mikil. Í gamla daga voru veitingar oftast heimatilbúnar og veislan haldin heima, jafnvel þótt það þýddi að snúa þurfti öllu heimilinu á hvolf, jafnvel taka sundur rúm og færa húsgögn úr stað til að koma öllum fyrir. Núna í dag eru flestir foreldrar útvinnaði og því ekki alltaf hæg heimantökin í matargerð og bakstri. Það er því yndislegt að vita af góðum veislubjónustum og fyrirtækjum sem geta létt fólki lífið og borið fram á borð dýrindis góðgæti til að gleðja mannskapinn á fermingardaginn. Dóttir mín er raunsæ, þekkir sín takmörk og hefur því farið þá leið að leita til fagaðila þegar kemur að þessum hluta veislunnar. Við vonum að þessar hremmingar sem heimurinn er að ganga í gegnum gangi hratt yfir og að fyrirtækin og fólkið í landinu komi heilt úr þessum öllu.



Mannsæmandi laun og stuðningur

Að lokum vil ég minnst aðeins á þá kjarabaráttu sem verið hefur í gangi í þjóðfélaginu undanfarin misseri. Efling stóð þétt við bakið á sínu fólki til að ná fram mannsæmandi samningum fyrir þá alla tekjulægstu. Hjúkrunarfræðingar sem hafa staðið í framlínunni í baráttunni við hinn ógnvænlega heimsfaraldur hafa staðið í ströngu við að fá sín kjör leiðrétt og svo má búast við áframhaldandi framrás. Yfirvöld þurfa að sýna virðingu í framkomu við fólkið sem samfélagið getur ekki verið án, alveg eins og sýna þarf öryrkjum og gamalmönnum virðingu líka. Það er óskiljanlegt þegar minnihlutahópar þurfa að nota umframorku sem er nánast engin, til þess að reyna að leiðrétta sinn hlut. Ef rétt er að við séum ein af ríkustu þjóðum heims, þá ætti ekki að vera flókið að hjálpa þeim sem minna mega sín og borga vinnandi fólki mannsæmandi laun. Allt annað er skammarlegt.



**Andlitskrem,
augnkrem,
fótakrem og
handáburður
frá GUINOT**

**Gjafakort fyrir þá sem
þér þykir vænt um**

ÁRSÓL

**Snyrtivöruverslun • Snyrtistofa
Grímsbæ við Bústaðaveg • Sími 553 1262**



*Á liðnum sorgarárum hefur líknarviljinn
litast af tregabænum kvíðastirnds ákalls.
Í ranglætisskjújum hefur ráðvillt í tárurum
reikað af trúarþeli í náðarskjóli þreyttra.*

*Á stundum neyðar í staðfastri trú ákallar
Almáttugan Guð sem umvefur af gæsku.
Í kærleika og kraftaverkavissu Drottins
kalin sál í náðarfaðminn snýr aftur heim.*

Höf. Jóna Rúna Kvaran



„Kærleikur sér tækifæri í myrkri.“

Höf. JRK




EGILISGÖTU 3, 101 REYKJAVÍK & NÝBÝLAVEGI 18, 200 KÓPAVOGI
OPIÐ FRÁ 11:30-23:30 ALLA DAGA



Þríkrossinn

Skartgripur með táknræna merkingu, seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi. Íslenskt handverk. Fæst um land allt.

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskerta á Íslandi
STOFNAÐ 1939

Stuðningur til sjálfstæðis



**Er allt á hreinu
fyrir ferminguna?**

Háaleitisbraut 58-60 • haaleiti@bjorg.is • Sími: 553 1380

BJÖRG
HÁALEITISBRAUT

EJLSKYLDUFYRIRTEKI Í 65 ÁR
EFNALAUGIN

Appotek.is

*Í netapótekinu appotek.is getur þú pantað lyf, fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur og fleira
Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu og frí póstsending út á land**



Netapótekið er á vefslóðinni www.appotek.is
Hægt er að fara í netapótekið með tölvum og farsímum

Í Appótekinu (appotek.is) getur þú:

- Séð hvaða lyfseðla þú átt í gáttinni
- Látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið
- Fengið lyfin send til þín hvert á land sem er

Í Appótekinu getur þú einnig:

- Séð og pantað lyf sem fást án lyfseðils
- Pantað fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur ofl.



Foreldrar barna 15 ára og yngri með sama lögheimili geta séð hvaða lyfseðla börnin eiga í gáttinni, látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið eða fengið lyfin þeirra send heim

Appótekið (appotek.is) er netapótek Garðs Apóteks

*Sjá nánari skilmála á appotek.is



GARÐS APÓTEK · Sogavegi 108 · Sími 5680990 · Netfang: gardsapotek@gardsapotek.is
Vefsíða: gardsapotek.is · Netapótek: appotek.is · Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



SIMON VAUGHAN LJÓSMYNDARI
WWW.SIMONVAUGHANLJOSMYNDARI.COM
PANTIÐ TÍMA FYRIR MYNDATÖKU Í SÍMA 690 9670



Baldur, starfsnemi í garðyrkju, reyrtir illgresi. Mynd Grasagarður Reykjavíkur (B.P.)

Grasagarðurinn

– Fræðsla og fegurð í Laugardal

Grasagarður Reykjavíkur er einn merkasti og fegursti hluti Laugardalsgarðanna en hann var stofnaður árið 1961 og er rekinn af Reykjavíkurborg. Hlutverk Grasagarðsins er að varðveita og skrá plöntur til fræðslu, rannsókna og yndisauka en í garðinum eru varðveittir um 5000 safngripir af um 3000 tegundum. Plöntunum er komið fyrir í átta safndeildum og gefa þær hugmynd um fjölbreytni gróðurs í tempraða beltinu nyrðra.

Við fengum þær Jónu Valdís Sveinsdóttur yfirgarðyrkjufræðing, Jóhönnu Þormar garðyrkjufræðing og Björk Þorleifsdóttur verkefnastjóra fræðslu og miðlunar til að segja okkur frá lífi og starfi í Grasagarðinum og frá tilurð hans.

Það hafði nokkum aðdraganda og það var búið að ræða lengi um hvar Grasagarður Reykjavíkur ætti að vera, segir Jóhanna. Flestir vildu hafa hann í Öskjuhlíðinni en þegar borgin fékk stóra plöntugjöf frá hjónunum Katrínu Viðar píanókenna og verslunareiganda og Jóni Sigurðssyni skólastjóra í Laugarneskóla var ákveðið að drífa í þessu en það var tilviljanakennt að Grasagarðurinn lenti í Laugardalnum. Í dalnum voru ágætastærðir því þar hafði verið rekin gróðrarstöð í nokkurn tíma þannig að þar var komið skjól og gróðurhús.

Plöntugjöf þeirra Jóns og Katrínar innihélt 200 plöntur úr íslensku flórunni sem þau höfðu safnað og ræktað við sumarbústaðinn sinn. Þessar plöntur voru settar þar sem elsti hluti garðsins er en upphaflega var garðurinn bara 700 fermetrar. Borgin hafði þá nýlega keypt þetta land af Eiríki Hjartarsyni og hans

fjölskyldu sem bjó hérna í Laugardal og það var nýbúið að ræsa fram allan dalinn en hér var áður mýri.

Það kom einnig mikið af plöntum úr garði Kristmanns Guðmundssonar rithöfundar og margir lögðu hönd á plóg, garðyrkjufræðingar söfnuðu til dæmis plöntum úr borgarlandinu og svo bættust erlendu plönturnar við.

Þið eruð með viðamiklari fræðslustarf og ýmsa viðburði, ekki satt?

Við tökum á móti mörg þúsund manns í fræðslu á hverju ári, segir Björk, allt frá leikskólahópum upp í eldri borgara. Við erum með sérstaka fræðslu fyrir skóla, öll skólastig og síðan erum við með almenningsfræðslu. Við erum með opna viðburði, fræðslugöngur og stundum með námskeið. Við reynum að hafa allt ókeypis því það er mjög mikilvægt að allir hafi jafnt aðgengi. En fólk getur fylgst með dagskránni á heimasíðunni okkar grasagarður.is eða á facebook.

Hverjir eru svo helstu þættirnir í rættunarstarfinu í Grasagarðinum?

Auk þess að rækta safngripa upp af fræði og hlúa að þeim þá er þá það er auðvitað endalaus umhirða, svo sem illgresisreytingar, segir Jóna Valdís, og frætakan. Við söfnum fræjum, gerum frælista og sendum til grasagarða um allan heim, fáum frælista hjá þeim og pöntum fræ upp úr listunum. Við sjáum um varðveislu rabarbarans fyrir Norræna genabankann og við erum líka með matjurtagarð þar sem eru sýnishorn af því sem hægt er að rækta utandyra á Íslandi og núna erum við með sérstakt kartöfluverkefni í gangi. Við höfum verið að sá kartöflufræjum af nýjum tegundum

af kartöflum og síðasta haust þá smökkuðum við 30 mismunandi kartöflur. Þær voru í allskonar litum og lögun og eftir ákaflega faglega smökkuð völdum við 10-15 tegundir sem við plöntuðum út í vor.

Við erum að vinna þetta með áhugafólki um kartöflurækt, segir Björk, og í október verðum við með dag kartöflunnar hérna í garðskálanum.

Á þessu ári erum við líka að laga torfhúsið okkar, segir Jóna Valdís. Þetta er steinsteypt kartöflugeymsla frá fólkinu sem bjó hérna í Laugatungu þeim Jóni Björnssyni húsamálara og Grétu Björnsson listmálara, og svo hefur verið hlaðið torfi utan með húsinu. Þó þetta sé ekki ekta torfhús þá er þetta afar góð geymsla því hiti helst stöðugur allt árið.

Bráðum fer að halla að hausti, getið þið gefið fólki einhver góð ráð um hvernig það undirbýr garðana fyrir veturinn?

Það er gott að skýla viðkvæmum plöntum. Það má gera með greinum, þurru laufi eða striga. Það er nauðsynlegt að passa upp á að það lofti samt um plönturnar.

Við leggjum mikla áherslu á að passa lífrænt efni í garðinum, segir Jóhanna, að það fari ekki til spillis. Við erum með mikla jarðgerð og við tímum ekki að sjá af einu laufblaði – enda er þurrt lauf þrýðisgóður jarðvegsbætur auk þess að vera skýlingarefni.

Svo er mikilvægt að halda áfram að reyta illgresi fram í frost, því það sparar mikla vinnu fyrir næsta sumar.

PRENTUN, LJÓSRITUN,
SKÖNNUN, PLÖSTUN,
BOÐSKORT, NAFNSPJÖLD
TEIKNINGAPRENTUN
OG LJÓSMYNDAPRENTUN



Borgartúni 24 • 105 Reykjavík • Sími 553 3200
prenta@prenta.is • www.prenta.is

LEIKFÖNG

úr silki



BAMBUS.IS

Nýbýlavegur 8 – Portið, sími 847 1660, www.bambus.is, bambus@bambus.is
bambus.is bambus.is • Opnið mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-14



Rósin Ruskela
(Mynd Grasagarður Reykjavíkur B.P.)



Ilmbaunir
(Mynd Grasagarður Reykjavíkur B.P.)



Hádegisblóm
(Mynd Grasagarður Reykjavíkur B.P.)



Landnámsegg

Það eru ákveðnir hlutir sem mörgum finnst ómissandi að eiga alltaf til í ísskápnum, eins og til dæmis egg. Með breyttu viðhorfi til uppruna matvæla og dýrameðferð hafa margir Íslendingar áttað sig á því að egg eru ekki öll eins. Mörgum stendur hreint ekki á sama um hvernig framleiðslunni er háttað. Fólk vill góða, lífræna vöru þar sem velferð dýra er í hávegum höfð. Þá er kjörið að rölta niður í verslunina Rangá í Skipasundi og kaupa sér dýrindis egg frá Landnámseggjum í Hrísey.

Eggjabúð Landnámsegg heldur eingöngu íslenskar landnámshænur. Hæurnar sem ganga lausar inni og

úti, eru miklir karakterar og hanarnir líka. En Landnámsegg er með hana með hænunum svo eggin eru frjó. Þær hópast að bústjóranum þegar hann mætir með brauðafganga frá Kristjánbakarí 3 daga í viku á nammidögum. Þá setjast þær á öxlina á honum og æða í bakkana áður en hann nær að leggja þá frá sér. Nammi-dagarnir hafa það mikil áhrif að varpið eykst um 15-20% daginn eftir nammidag miðað við hefðbundinn dag. Hæurnar eru margar mjög gæfar og vilja láta klappa sér og halda á sér.

Hverfisverslunin Rangá hefur tekið þessi dásemdaregg til sölu. Eggin

eru bragðmeiri en fólk á að venjast og mjög falleg til skreytinga t.d. á brauðtertur þar sem rauðan er hærra hlutfall af egginu og fallegri á litinn. Eggin eru talsvert fjölbreytt að lit og misstór. Eftir tilraunir með vönu bakstursfólki kom í ljós að ekki þarf að hafa áhyggjur við bakstur vegna eggjaföldu þó svo eggin séu aðeins minni heldur nýta uppskriftir eins og þær eru. Umbúðirnar um eggin eru nokkuð óvenjulegar og nýstárlegar þar sem sjö eggjum er pakkað saman í eina lengju og er pakkingin þríhyrnd. Pakkingin er oft í daglegu tali kölluð Eggjastokkur sem er eiginlega ágætis réttnefni.



THE *Beauty Back* collection

Ynja
UNDIRFATAVERSLUN

Álfheimar 74, • Glæsibær
104 Reykjavík • ynja.is

Gallery Pizza Pizzeria Restaurant

Verið velkomin þegar þið eigið leið um suðurland

Hvolsvöllur er staður til að stoppa á

Opið 11.30 - 22.00

Gallerý Pizza • Hvolsvegi 29 • 860 Hvolsvelli • Sími 487 8440

Söfnin á Eyrarbakka

Hvernig væri að leggja leið sína á Eyrarbakka og heimsækja söfnin?

Húsið er heillandi og sögufrægt kaupmannsheimili þar sem sögð er meira en 200 ára gömul saga verslunar og menningar. Sjóminjasafnið hýsir hið merka árskip Farsæl og undraveröld fugla og eggja er í Eggjaskúr. Í litla alþýðuhúsinu Kirkjubæ er sýning um byltingartímana þegar rafhljós kom í hús og fólk eignaðist útvarp og gúmmístigvél.

Ratleikur um allt safnasvæðið er í boði fyrir alla fjölskylduna.

Opið alla daga í sumar frá kl. 11-18. sími 483 1504 • info@byggdasafn.is www byggdasafn.is

BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

Rangá
síðan 1931

4 borgarar m/brauði aðeins **999 kr.-**

www.versluninranga.is - Skipasund 56 - Sími: 5533402

Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir

Auglýsingasími 568 8862

MINNISSTÆTT FÓLK – Una í Garði

Hún var ekki hærri í loftinu en tólf ára stelpa en afkastadi á sinni 84 ára ævi mun meiru heldur en meðal-manneskja. Hún var fædd 18. nóvember 1894 suður með sjó, nánar tiltekið í Garði og var yngst sinna systkina. Hún lést þann 4. október 1978. Foreldrar Unu, en svo var hún skírð, voru fátækt verkafólk. Faðir hennar var Guðmundur Jónsson sjómaður frá Narfakoti á Vatnsleysuströnd en móðirin hét Guðríður Þórðardóttir frá Syðri Hömrum í Rangárvallasýslu, verkakona og húsfúru. Áttu þau saman sjö börn en fjölskyldan gekk í gegnum þann mikla harmleik að móðir barnanna deyr frá þeim þegar Una var aðeins tveggja mánaða gömul. Þarna var því fátækt heimili og öll börnin nú orðin móðurlaus í þokkabót. Þau foreldrararnir höfðu samt nokkru áður byggt hús sem átti síðar eftir að koma sér vel fyrir afkomendurna. Mig minnir að húsið hafi verið byggt 1890 og var það í eigu fjölskyldunnar þar til Una ánafnaði það bæjarfélaginu við sitt andlát. Ég held að það hafi heitið Skúlahús upphaflega og var þar síðar stofnað Hollvinafélag Unu. Húsið heitir núna Sjólyst, enda staðsett við sjávarsiðuna og Una stýrði þar barnastúkunnar Siðsemd í yfir tuttugu ár. Margir kalla húsið þó einfaldlega Unuhús. Á háaloftinu var bókasafn. Una kom víða við og var vel af Guði gerð, frábær kona, kærleiksrik, gáfuð, einlæg og hafði hlotnast magnaðir dulrænir hæfileikar í náðargjöf. Allt þetta laðaði fólk að henni, bæði börn og fullorðna, sem og fólk af öllum stéttum. Prestar, kennarar, skúringakonur, leikarar, sjómenn, allir vildu kynnast þessari litlu en vel gerðu og góðu konu.

Fjölskylduharmleikur og ráðskonan góða

Þegar Guðmundur faðir Unu missir konu sína og verður ekkill neyddist hann til þess að leita á náðir annarra til að fá hjálp við að sinna börnunum. Kona nokkur sem heyrð hafði af vanda hans greip til sinna ráða, tók Unu í fóstur, hafði hana á brjósti ásamt eigin syni og ól hana upp þar til föður hennar hafði auðnast að fá frábæra ráðskonu á heimilið sitt. Þar kom inn í lif fjölskyldunnar mikil barnakona sem hét Sigurlaug ef ég man rétt. Húsið litla sem hann og kona hans höfðu byggt kom sér vel því það átti hann skuldlaust og gat því með naumindum séð sínum farborða. Reyndar var nú borðaður fiskur í flest mál og kartöflur sem hann ræktaði í eigin garði og björguðu miklu. En ekki átti sorgunum í lífi Unu í hennar uppvexti að linna. Þegar hún var um það bil 4 ára gömul held ég, drukknaði faðir hennar nánast í flæðarmálinu. Hann réri á árabát ásamt nokkrum mönnum og þegar þeir komu að landi hlekkist bátinum á og mennirnir útbyrðis. Þeim skolaði lífvana upp í fjöruna og er nú talið að hefði fólk kunnað lifgunaraðferðir nútímans hefði ef til vill verið hægt að bjarga þeim. En svona fór þetta og allir drukknuðu. Þetta var mikið áfall fyrir alla og nú stóð góða ráðskonan uppi með öll börnin og lét sér ekki muna um að gæta þeirra allra og koma til manns, sem var náttúrulega magnað þrekvirki, ekki síst á þessum erfiðu árum.

Kennari af Guðs náð og bindindismanneskja

Öll þessi reynsla og fátækt varð til þess að Una fór fljótlega að vinna fyrir sér og sagan segir að hún hafði verið sérstaklega hænd að börnum. Það kom því ekki á óvart að Una, aðeins 16 ára gömul, fór að kenna börnum undir 10 ára aldri lestur, meðal annars. Eins kom hún að



Una Guðmundsdóttir ung að árum

kennslu eldri einstaklinga og náði þar frábærum árangri jafnframt. Kannski er þetta til marks um merkilega og kærleiksrika kennslu hennar í yfir tuttugu ár, að öll börnin sem hún kenndi, sem síðar urðu fullorðin fólk, urðu svo hænd að henni og þótti svo vænt um hana að þau héldu tryggð við hana og naut hún ýmiskonar liðveislu síðar sem afleiðing af því hve gamlir nemendur úr Garðinum voru henni góðir. Una tók í fóstur stúlku sem hét Stefánía en hún lést því miður fyrir aldur fram, aðeins 27 ára gömul, og varð það Unu mikill harmdauði. Una var merkileg fyrir margar sakir. Hún var mikill bókaormur og las alveg feykilega mikið, hún var því viðlesin og menntuð. Bókasafn bæjarfélagsins var því ekki í slæmum höndum, vistað uppá háalofti hjá henni. Þangað gat hún alltaf leitað til að finna sér lesefni og voru bækurnar henni mikils virði. Eitt af því sem Una kom nálægt og lét sig skipta máli voru bindindismál. Þar lét hún um áratugaskeið til sín taka í barnastúkunni Siðsemd. Eins lagði hún rækt við hvaðeina sem tengdist bindindismálum og hafði því góð áhrif á æsku og uppeldi ungu kynslóðarinnar í Garðinum. Þegar mörg þessara barna voru orðin fullorðin minntust þau hins frábæra starfs Unu og hvað uppeldissjónarmið hennar voru þeim glæsilegt vegnasti. Þetta fólk gat aldrei gleymt litlu konunni sem kenndi þeim svo margt og ýtti þeim út í lífið með þau skilaboð að fara varlega með viðkynningu sína af hvers kuns hugbreytandi efnum. Ekki urðu fáir hreinlega bindindismenn ævilangt og sögðu það vera vegna áhrifa hennar. Siðsemd átti hug og hjarta Unu enda var hún bindindismanneskja sem trúði því að auka þyrfti skilning fólks á því hvað rétt uppeldi getur verið mikil forvörn.

Slysavarnir

Una kom víða við í hinum ýmsu málefnum og í minningu sjódrukknaðs föður síns kom hún á fót stofnun Slysavarnardeild í Garðinum. Hún vildi sjá til þess að mannskapur væri tiltækur ef slysbæri að höndum. Hún vissi af biturri reynslu að ef til slíks kæmi yrðu að vera bæði, menn og réttu verkfærin til staðar. Hún gat ekki hugsað sér að viðlíka hryllingur

endurtæki sig eins og slysið þar sem faðir hennar ásamt öðrum drukknaði í landsiglingunni þegar hún var lítil og enginn gat hjálpað þeim til lífs, þótt það hefði verið hægt með réttari kunnáttu. Una sinnti Slysavarnarfélaginu vel og var ritari þess í um 25 ár þegar hún loksins óskaði lausnar frá því embætti vegna anna. Rithöndin hennar var svo falleg að það fannst sumum að það hefði mátt ramma hana inn. Þegar Una tók til máls sló yfirleitt þögn á mannskapinn, svo mögnuð voru áhrif hennar. Enda treguðu hana margir þegar hún féll frá því alls staðar var hún elskuð og virt.

Rammskyggn frá barnsaldri

Una var mjög heppin að hafa eignast viðlíka fósturmóður sem Sigurlaug var því hún skildi hana vel og gerði sér fljótt grein fyrir því að Una var öðruvísi en önnur börn. Það er því ekkert skrytið að Una hafi alltaf kallað hana „konuna með gull-hjartað“ svo mikil og góð voru áhrif hennar í uppeldi Unu. Það kom nefnilega snemma í ljós að litla stúlkan var rammskyggn og virtist vera í mjög nánu sambandi við framliðna. Ekki síst látna foreldra sína heldur líka aðra sem voru henni ókunnugir. Þetta eigum við sameiginlegt því ég sjálf var að hræða líftöruna úr mömmu minni og hennar vinum þegar ég pínulítill lýsti framliðnum. Þessir hæfileikar vöktu snemma mikla athygli og það var ekki verra fyrir Unu, sem var með sjötta skilningarvitið svona galopið, að fá stuðning og skilning frá fósturmóður sinni. Þessi yndislega kona bjó svo þar til yfir lauk alltaf með Unu þannig að þær voru saman alla tíð frá því að hún kom sem ráðskona á heimilið. Þær voru jafnánar og hvaða mæðgur sem er. Dulrænir hæfileikar Unu spurðust ekki bara út í Garðinum heldur hreinlega um allt land. Til hennar leitaði fólk viðsvegar af öllu landinu og úr öllum stéttum. Ýmist leitaði fólk eftir því að fá huglækningu, skyggnilyngu eða spádóm. Í sumum tilfellum þurfti fólk einfaldlega að fá að létta af sér sorgum sínum og fá leiðsögn um eitt og annað sem hrjáði hugann. Dulræna Unu var mjög merkileg og um hana var gefin út bók sem heitir „Völva suðurnesja“.

Tvær sögur af dulrænu Unu

Kunningjakona mín ein góð sem nú er fallin frá, var sjálf mjög dulræn kona og hún lenti tvívegis í alveg magnaðri dulrænni upplifun sem tengdist Unu. Vinkona mín þessi vann á tímabili sem skipskokkur. Hún var að hræra í stórum súpupotti þegar háseti kemur til hennar og öllum er skipað að koma sér upp, það sé meiriháttar óveður í gangi. Hún segist ekkert mega vera að því, hún sé að elda. Hún var að biða eftir að vatnið syði, tekur hlemminn af og lítur niður í pottinn og sér speglast í yfirborði vatnsins konuandlit, sem hún þekkti þó ekki, en fyllti hana einhverri öryggistilfinningu. Áður en langt er liðið birtist skipstjórnin mjög brúnaþungur og leggur áherslu á orð sín, hún hreinlega verði að koma sér upp, skipið sé við það að fara niður í óveðrinu og þau eigi á hættu að drukkna. Enn neitar hún að taka mark á skipstjórnunum sjálfum, og skömmu síðar kemur algjört logn og skipið lendir í því líku fiskirí að þeir höfðu aldrei náð öðrum eins afla. Þessi dularfulla reynsla um borð í skipinu átti svo eftir að skýrast nánar mörgum árum síðar. Síðara atvikið var ekki síður merkilegt en þá lenti vinkona mín í því að um það bil árgömul dóttir hennar situr á gólfinu þegar efri eldhússkápururð datt á hana, nokkuð þungur fleki. Í ofboði hringdi hún í Unu, en hún var auðvitað bænheit. Áður en vinkona mín gat komið upp orði var Una búin að segja: „Já, er þetta þú elskan! Það verður allt í lagi með telpuna.“ Hún sem sagt vissi bara hvað hafði gerst og hver útkoman yrði. Löngu seinna hringir vinkona mín aftur í Unu, eins og hún gerði stundum, og þá segir Una henni að koma til sín, hún sé alltaf að hringja út af öðru fólki. Nú sé kominn tími á að þær hittist. Hún gerir þetta og það fyrsta sem blasir við henni þegar hún gengur inn til

Unu er ljósmynd í ramma. Þarna var komin konan sem hún sá í súpunni og þetta var engin önnur en Stefánía, fósturdóttir Unu. Svo kom í ljós að Stefánía hafði sjálf unnið um hrið á þessu sama skipi og lét þarna vita að engin hættu var á ferðum og leiddi skipið á stórkostleg fiskimið



Sjólyst

Þegar Una kvaddi þennan heim eftir lét hún húsið sitt Sjólyst bæjarfélaginu til ráðstöfunar eins og áður sagði. Hún komst vel á níræðisaldur og trúlega hefur beðið hennar hressileg heimkoma með englum fyrir handan þegar hún féll frá. Ég sjálf hitti hana aldrei í lifanda lífi, en nóttina sem hún lést birtist hún mér, íklædd smárósóttum kjól. Húsið hennar hefur verið gert upp og var Hollvinafélagið stofnað í kringum minningu Unu og framkvæmdirnar voru að mestu gerðar af sjálfbóðaliðum þótt sveitarfélagið sé eigandi og beri ábyrgð á öllu. Viðgerðirnar reyndust vera nokkuð miklar enda húsið komið vel til ára sinna og Una hafði svo mörgu öðru að sinna en að gera upp hús. Þetta merkilega hús er nú fríðað og væntanlega hægt að skoða það. Óhætt er að segja að þessi smávaxna kona hafi átt hug og hjarta landans fyrir magnaðar dulargáfur sínar og afburðamannkosti. Hún var hvers manns hugljúfi sem allir vildu kynnast.

Jóna Rúna Kvaran



Una í Garði



Alhliða raflagnir

RAFLAGNIR EHF

långörðum 21 • 250 Garði • sími 4227103
og Skemmuvegi 4 a • Kópavogi • sími 8988061




Sumarið er **AÐI** enda gaman að vera í frú,
keyra í gegnum úfið **Hraun** og dansa
CONGA á bæjarhátíð. Sumir vildu kannski vera
á **FLORIDA** en það er alveg eins hægt að
slaka á í sundlaugunum hér þar til fingur og
tær verða eins og **RÚSÍNUR**. Settu á þig
BUFF svo sólarvörnin leki ekki niður í augun.



Sumarið lofar Góu!





Fermingamynd Jóns Kaldals af greinarhöfundi

Vinsælasta fermingargjöfin í ár

Eftirfarandi grein var skrifuð snemma árs áður en kórónaveiran setti allt samkomuhald úr skorðum og öllum fermingum var frestað. En nú lítur út fyrir að fermingar séu að hefjast að nýju og í trausti þess birtum við greinina.

Orðið ferming er dregið af latneska orðinu confirmare sem þýðir að staðfesta en þá er verið að staðfesta það heit sem gefið var í barnaskírinni. En hin kristna ferming á sér hliðstæður í mörgum löndum, í mismunandi trúarbrögðum og menningarsvæðum, í hátíðum þegar einstaklingurinn kemst á kynþroskaskiðið og stígur inn í heim hinna fullorðnu. Mjög mismunandi er hvernig er haldið upp á þennan áfanga en oftast eru haldnar veislur og ungmenntu gefnar gjafir.

Sturla plata Spilverks þjóðanna kom út árið 1977 en á plötunni er þetta erindi í laginu Eftir predikun:

Vasatölva og primus, sjálftrékt omega Ritsafn Einars Kvaran, upplýst jarðkúla Heillaskeytin streyma heillakallsins til Elsku Sturla sértu velkominn í tölu kristinna

Þarna er lýst dæmigerðum fermingargjöfum til unglínga eftirstrífðsáranna og til að bæta um betur er hér listi frá árinu 1962 sem birtist í Alþýðublaðinu og fólk gat haft til hliðsjónar við kaup á fermingargjöfum.

Fyrir pílta: Úr, bækur, tjöld, vindsængur, svefnpokar, útvarp, hanskar, seðlaveski, reiðhjól, skyrtuhnaðar, bakpokar, skíði, fatnaður, bókahillur, bótaskápur, skrifborð, pennasett, rafmagnslampi, rafmagnsrakvél og plötuspilari.

Fyrir stúlkur: Úr, hringar, hálsfestar, náttföt, undirföt, sloppar, skór, hanskar, veski, reiðhjól, bækur, myndavélar, tjald, svefnpoki, ferðaáhöld, vindsængur, regn-

hlífar, snyrtivörukassi, ilmvötn og slæður.

Í sama blaði auglýsir Teddybúðin: HEVELLA-jakkinn er besta fermingargjöfin. HEVELLA-jakkinn er vinsælasta filkin í páskaferðalagið. En hver man nú eftir HEVELLA-jakkanum? Eða kannski er hann hátíska og ungt fólk í dag þykist hafa himinn höndum tekið ef það rekt á velmeðfarinn jakka hjá Hjálpræðis hernum eða í öðrum búðum sem selja notuð fót og pantar hann í fermingargjöf.

Fermingargjafir byrjuðu ekki að tíðkast á Íslandi fyrr en um miðja 19. öld. Fyrst um sinn voru þær aðallega eitthvað sem kom ungmenntu að gagni, t.d. fatnaður, bækur, reiðtugi, vasaur eða skatthol.

Árið 2008 fengum við nokkra eldri borgara sem voru fæddir í byrjun 20. aldar til að segja okkur frá því hvernig fermingin þeirra fór fram, hvaða þýðingu hún hafði fyrir þau og hvað hefði helst breyst. Á fyrri hluta 20. aldar þurftu íslensk fermingarbörn að kunna sinn kristindóm því þau voru spurð út úr og þurftu að geta svarað spurningum prestsins. Það var ekki auðvelt fyrir alla og sumir þurftu að gera nokkrar atrennur að því að fermast enda var ekki búið að finna upp athyglisbrestinn í þá daga. Ekki minnst þessi öldnu fermingarbörn þess að það hefði verið



Fermingarskraut í úrvali!

- Myndaveggir
- Nammibarir
- Kortakassar
- Servíettur
- Borðrenningar
- Blöður (fyrir loft/helium)
- Blöðrubogar/lengjur/hringir (fyrir loft)
- Súkkulaðiegg í þemalíttum veislunnar
- Kerti
- Og margt fleira

■ Veggborðar þar sem hægt er að raða bókstöfum saman í hvaða orð sem er, t.d. nafn fermingarbarns, „Ferming“, „Myndaveggur“, „Kort“, „Nammibar“

Vöruúrvalið er að finna á facebook síðu Partýbúðarinnar

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

slegið upp miklum veislum í tilefni af fermingu þeirra, það var drukkið kaffi eða súkkulaði og borið fram kaffibrauð, flatkökur og hangikjöt, pönnukökur með rjóma og kleinur. Ekki voru gefnar miklar gjafir en sveitakrakkarnir fengu kannski hnakk en bæjarkrakkarnir reiðhjól sem þóttu heilmiklar eignir. Einn drengurinn fékk 20 krónur í peningum og það var stórfé.

En með vaxandi velmegun á Íslandi bólgnuðu fermingargjafir eins og sést á lista yfir raunverulegar fermingargjafir sem Margrét Gústavsdóttir blaðakona tók saman og birti í hugleiðingu í DV árið 2018 um hvort unglíngar fermdust bara fyrir gjafirnar:

- **Ferming 1967:** Eitt fallett armbandsúr sem enn er í fullri notkun.
- **Ferming 1974:** Peningar, skartgripir og svefnpoki. Fermingarfötin voru flauelsdragt keypt í Karnabæ.
- **Ferming árið 1981:** 35mm Richo-myndvél og Seiko-armbandsúr.
- **Ferming 1984:** Ikea-húsgögn, orðabók og Akai-hljómtæki.
- **Ferming 1986:** Yfirhaling á herbergi, skartgripir, svefnpoki og armbandsúr frá Seiko.
- **Ferming sveitastelpu árið 1991:** Reiðhnakkur og beisli. Rúm og hljómlutn-

ingstæki. Með fylgdi geisladiskur með Vanilla Ice. **Ferming sveitastráks 1997:** Hljómlutningsgræjur sem tóku 61 geisladisk og góður reiðhestur. - Ferming árið 2000: Technics SL1210-plötuspilari. - **Ferming 2012:** Ferð í fótboltaskóla til útlanda, myndavél og peningar. - **Ferming 2016:** Fótbolta- og tónleikaferð til útlanda, peningar og fræðslubækur.

Sá sem þetta ritar fékk m.a. Pierpont armbandsúr, ritvél, orðabók Menningar-sjóðs, upphleypt kort af heiminum, skær og bókahníf í leðurhulstri og 35.000 í peningum að hann minni en það þótti frekar slappt. Einnig gerði hann mjög óvinsindalega könnun á Facebook á því hvað fermingarbörnum er gefnar háar upphæðir í peningum í dag. Fólk var sammála um það að upphæðin færi eftir skyldleika og venslum en sé tekið meðaltal þá eru þetta gjarna upphæðir á bilinu 5000-20.000. Ein kona kom með eftirfarandi tilsvær: Gef ekki pening - en gjarnan klassa ljóðabækur og árita með kveðju til fermingarbarnsins - þannig það geti um ókomna framtíð pirrast yfir að hafa ekki grætt á að bjóða frænku.

B/Æ

REDKEN

NÚ ER SCALA Á TVEIMUR STÖÐUM

Scala

HAIR & MAKEUP

LÁGMÚLI 5
108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 1033
fb.com/scala.hair

SKIPHOLT 70
105 REYKJAVÍK
SÍMI 553 9770
www.scala.is

„Þegar ástríðan er mikil lætur maður hlutina ganga upp“ segir Arna Sif á veitingastaðnum Bragðlaukum



Arna Sif Gunnarsdóttir

Fyrirtækið Bragðlaukar hefur opnað veitingastað í Gnoðarvogi 44 en það var stofnað þann 1. febrúar 2017 í þeim tilgangi að bjóða fyrirtækjum og einstaklingum upp á ferskan og bragðgóðan hádegisverð á viðráðanlegu verði. Hjónin Sigfús Jónsson matreiðslumaður og Arna Sif Gunnarsdóttir þjónustu- og framkvæmdastjóri reka staðinn og við náðum tali af Örnun Sif og báðum hana að segja okkur frá nýja staðnum.

Við leigðum hérna rými af Hafbergi fyrir fyrirtækjapjónustuna okkar en við sendum út mat í hádeginu til þeirra, segir Arna Sif, og þá spyr Geir í Hafbergi hvort við vildum ekki taka að okkur hádegisveitingastaðinn uppi þannig að við slógum til og sjáum um það líka.

Hvernig mat eruð þið að bjóða uppá?

Í fyrirtækjapjónustunni bjóðum við uppá allskonar rétti, fisk og kjötrétti, vegan og ketó og við stílum inn á ferskt hráefni og heiðarlegan og góðan mat. Veitingastaðurinn er bara opinn í hádeginu en þar erum við að stíla inn á fiskréttina og við fáum rósalega góðan og ferskan fisk frá Hafbergi. Við erum ekki með stóran matseðil en bjóðum aðallega upp á fisk dagsins og þá eru kokkarnir að spinna alveg ótrúlega rétti en erum líka með fisk og franskar, fiskibollur og plockfisk, þessu er öllu stillt í hof þannig að fólk þarf ekki að fá

valkviða. Verðinu er líka stillt í hof, 1990 fyrir réttinn. Við erum komin með okkar fasta og dygga kunnahóp og þeir fara flestir í fisk dagsins en þetta er fólk sem býr og vinnur í nágrenninu og svo fólk sem kemur lengra að.

Þú hefur verið að dansa í Borgarleikhúsinu, voru það mikil umskipti að fara í veitingabransann?

Það voru viss umskipti en ég hef verið að gera bæði í einu. Maðurinn minn er líka með salatbarinn Local og samhliða því að vera í leikhúsinu hef ég verið veitingastjóri á Local, sá um Smáralindina og fór svo í Borgartúnið og þegar einn eigandi Bragðlauka hætti spurði Sigfús mig hvort ég vildi ekki reka fyrirtækið með honum. Þá var ég alltaf uppi í leikhúsi og átti erfitt með að slíta mig frá því.

Ég hef verið dansari í leikhúsinu samhliða því að reka veitingastaðina þannig að það hefur verið nóg að gera. En þegar ástríðan er mikil lætur maður hlutina ganga upp. En þetta eru ekki nema tveir mánuðir sem fara í æfingaferlið sem er á daginn og svo er maður bara að sýna um kvöld og helgar en það er reyndar ekkert að gera í leikhúsinu núna.

En þið rekið líka staðinn Sirka við hliðina á Hafbergi í húsnæði sem hýsti áður þá sögufrægu

Teitssjoppu þar sem Bubbi og Tolli Morthens, Friðrik Þór, Ingibjörg Sólrún og fleiri Vogabörn héngu forðum daga.

Já okkur áskotnaðist það rými og ákváðum að opna þar með tveimur kokkunum okkar sem eru að vinna hjá okkur í Bragðlaukum. Þetta eru frábærir kokkar og þá langaði til að opna stað með heiðarlegan heimilis-

mat þar sem fólkíð í hverfinu gæti komið og fengið sér kaldan bjór og hollan og góðan mat sem hentaði börnunum líka.

Og gengur vel hjá Bragðlaukum?

Já það gengur ofboðslega vel og viðtökurnar hafa verið vonum framar.



HAFBERG fiskbúð sælkerans



Gómsætir og girnilegir réttir í fiskborði
fyrir þig til að taka með heim

Glæný lúða

**Klaustur-
bleikja**

Ný línuýsa

**Nýlöguð
humarsúpa**


Opið virka daga 10.00 - 18.15 | laugardaga 11.00 - 15.00
Gnoðarvogi 44 | 104 Reykjavík | sími: 588 8686



Réttir dagsins kr. 1890.
Réttir dagsins take away kr. 1500.
Hamborgari, smelki og gos 1500.
Barnaréttir 600.
Stór bjór 850.
Miðvikudagar eru Grillvikudagar
Verð auglýst sérstaklega
Allt sirka eins og það á að vera.



Gnoðarvogi 46 • Sími: 789-8539


			Krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510											
			stafur	vatnagang			bús-áhaldið			garg		ekkert		ílátin
			hvitvoð-ungana					6						
			hret			til					varma			
Teikning: Bjarni eftirprentun bönnuð	↓	átti	spendýr	fugl				barefli		7				
matjurt				röð				lagður					sorg	
maður	2			hosa				bilfær			öfug röð	hvað?	2 eins	
		fiskur	4	útungun		8				fugl				verkfærin
eldur				frag		spendýr	stafur	nögl	hella		slæmar			
líkams-hluti			yfirhöfn									öfug röð	riðnar	
flissar				reka							storm			
		líkamshluti		úrgangur			maður					1		
utandyra			5		9	sópur	skrifar	elska					örvar	
líkams-hluti			gargar					álpast			spendýr			
gnauð			preytt							þenna				
		keyri		loka		einblína				10		pirraðar	3	frásögnin
	óánægðar	duglega				hljómföll					nöldur			
	svara										urgur			
áhalð			úrgangur					karlfugl						
merkti			dýrahljóð					vefnaður						fanga
				ípróttafél.			röð							
skömm				2 eins			öfug röð							
samtök			karldýr			veggina								
											gripdeild			

Góður hádegisverður gerir góðan dag!



Veitingastaður • Fyrirtækjapjónusta • Veisluþjónusta
Gnoðarvogur 44 • 104 Reykjavík • sími 519 5775
Veitingastaðurinn er opinn frá kl. 11:30 - 13:30





GAMANSEMI



- Lausnarorð: **GAMANSEMI**
- Gjafabréf frá Sirka - Jón Viðis Jakobsson
 - Gjafabréft frá Gallery Pizza Hvolsvelli - Bryndís Ólafsdóttir
 - Múmínskáðinn bók frá Uglu - Rakel Sara Óskarsdóttir
 - Þrír tímar, bók frá Uglu - Ævar Petersen
 - Fyrir tíma farsíma, bók frá Sæmundi - Áslaug Sigvaldadóttir
 - Djöflarót frá Verzluninni Rangá - Kári Ragnarsson, Selma Hannesdóttir
 - Happaþrenna HHÍ - Lára Axelsdóttir

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

Dregið verður úr réttum lausnum 10. september n.k.

VERÐLAUNAKROSSGÁTA

1. verðlaun: Klipping og hárvörur frá Greiðunni.
2. verðlaun: Gjafabréf frá Bragðlaukum Gnoðarvogi.
3. verðlaun: Sjáðu mig falla, bók frá Uglu.
4. verðlaun: Undir yfirbordinu, Bók frá Uglu.
5. verðlaun: Landnámsæneugg úr Hrísey frá Verzluninni Rangá.
6. verðlaun: Happaþrenna HHÍ.

Lausnir sendist til: Með oddi og egg, Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir
Sundlaugavegi 7, 105 Reykjavík

Nafn:

Heimili:

Kennitala:

Símanúmer:

KÉRASTASE PARIS

Greiðan hefur tekið inn hinar frábæru lúxus hárvörur frá KÉRASTASE.
Komdu og fáðu ráðgjöf og lausnir við hárlosi, hárþynningu og hársvarðar vandamálum.
Við dekrum við þig og þitt hár!



Háaleitisbraut 58-60 | Sími 581-3090





„Í Greiðunni eru allir í stuði“

Í verslunarkjarnanum Miðbæ að Háaleitisbraut 58-60 er háarsnyrtistofan Greiðan. Við náðum tali af Hrafnhildi Arnardóttur háarsnyrtistofustara og eiganda stofunnar til að spyrja hana um starfseminna.

Við erum með klippingar fyrir börn og fullorðna, segir Hrafnhildur, gerum keratín og permanent, greiðslur og bókstaflega allt sem viðkemur hárinu. Svo seljum við vörutegund sem heitir Kérastase en það eru franskar hárvörur sem eru mjög góðar. Þetta eru m.a. sjampó og hárnæringar sem laga hárið mjög mikið. Við erum með „drop inn“ þjónustu sem er mjög þægileg og sniðug því þá þarf ekki að panta tíma fyrirfram. Við erum sex sem vinnum hérna þannig að við erum það mörg að það er ekkert vesen og fólk þarf ekki að bíða lengi.

Hafa ekki verið skritnir tímar að undanfögnu hjá stéttinni?

Já, nú eru bæði kunnarnir og við með grímur og við reynum að passa allt sérstaklega vel og spritta og sótthreinsa eftir hvern einasta kúnna og halda fjarlægð á milli eins og hægt er. Þetta er mjög skritið og margir reikna með að það verði kannski lokað aftur þannig að fólk er að koma mikið núna þó það sé ekki alveg kominn tími á klippingu.

Það var lokað í sjö vikur, var þá ekki mikið að gera hjá ykkur þegar þið opnuðu aftur?

Jú það var rúmlega kreisi, það var allt brjáláð svo maður gerði fátt annað en að vinna í nokkrar vikur. En við hérna í Greiðunni tókum alltaf vel á móti fólk, hér eru allir í stuði, hressir og kátir.

Hvaðan koma kunnarnir ykkar, er það mest úr Háaleitishverfinu?

Þeir koma allsstaðar að en mjög mikið úr hverfinu.

Nú er sagt að hárgreiðslufólk og rakarar hafi fleiri þjónustuhlutverk en að fást við hár m.a. fréttafutning og sálgaeslu.

Akkúrat, það er alveg rétt að þetta er líka sálfræðistétt en það er líka mikill trúnaður og traust og það sem er sagt í stólnum fer ekkert lengra.

Eitthvað að lokum?

Það var ein sem heitir Vilborg Teitsdóttir að byrja hjá okkur en hún var uppi á Galtará og ég vil benda hennar kunnnum á að hún er komin til okkar.



Það besta fyrir bílinn þinn!

Notum allra bestu lakk og vínivarnir sem völ er á

alþrif

mössun

teflon

djúphreinsun

Verið velkomin



Ármúli 17a - 108 Reykjavík - S: 568 4310

SVAFAR & HERMANN

Kvedja
útfararstofa

Virðing,
reynsla
& þjónusta

Allan
sólarringinn

571 8222
Svafar:
820 3939
Hermann:
820 3938
Ingibjörg:
820 3937

WWW.KVEDJA.IS



Dráttarbeisli

undir flestar tegundir bíla



Setjum undir á staðnum

Víkurvagnar ehf. | Hyrjarhöfða 8 | 110 Reykjavík
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is




MOSFELLSBAKARÍ

Opið alla virka daga
frá 7:30 - 17:30
laugardaga frá 8:00 - 16:00
sunnudaga frá 8:30 - 16:00

Háaleitisbraut 58-60 - 108 Rvk
mosbak@mosbak.is - s: 5 666 145



Jón Óskar - listamaður mánaðarins



Jón Óskar á vinnustofunni á Grandanum



Þarna situr Jón Óskar undir verki sem heitir "Crossing The Delaware"

Listamaður ágústmánaðrar en myndlistarmaðurinn Jón Óskar en hann ólst upp í Kleppsholtinu.

Fyrsta heimili mitt var á horninu á Langholtsvegi og Hólsvegi, segir Jón Óskar, og svo vorum við uppi á Hjallavegi. Þegar við Hulda byrjuðum að búa þá bjuggum við á Langholtsveginum en amma og afi áttu þetta hús.

Hvenær kveiknaði myndlistaráhuginn, hefur hann alltaf verið?

Já. Móðir mín er myndlistarkona, Ragnheiður Jónsdóttir og hún er sennilega helsti áhrifavaldurinn. Þegar ég var sex ára þá flytjum við til Kaupmannahafnar og foreldrar mínir fóru í nám, mamma var þar í Glyptotekinu en svo þegar við vorum komin heim var hún byrjuð að vinna, ég hef líklegar verið átta ára þá. Hún hafði heilmikil áhrif á mig og var búin að senda mig á námskeið hjá Magnúsi Pálssyni og Ragnari Kjartanssyni og þeir voru að kenna okkur að gera mósaíkmyndir, leir og eitthvað svona.

Ákvaðstu þú ungur að gerast myndlistarmaður?

Nei nei. Það eiginlega hvarflaði ekki að mér. Ég kynntist þessum heimi ágætlega í gegnum foreldra mína, það komu margir myndlistarmenn heim til þeirra og ég sá það fljótt að þetta var ekkert eftirsóknarverður heimur því það var svo mikið basl á öllum. Móðir mín hafði jú fyrirvinnu og gat því gert þetta en að ætla sér að gera myndlist að vinnu sinni var meira en að segja það.

En eftir menntaskóla fann ég ekkert í háskólanum sem ég gat imyndað mér að ég væri til í að eyða ævinni í. Þá datt mér í hug að fara í Myndlista- og handíðaskólann því ég hafði alltaf haft gaman að því að teikna en ætlaði að vera praktískur og fara í auglýsingadeildina. En þegar kom að því að velja deild þá hætti ég í auglýsingadeildinni

eftir viku, fékk alveg nóg af þeim pælingum og fór í grafíkdeildina. Stundum finnst mér að ég hafi aldrei tekið ákvörðun um þetta, maður bara einhvernvegin dagur uppi einhversstaðar og í mínu tilfelli er það í myndlist. Það var aldrei stóri draumurinn en ég held að það sé ágætt að maður sé ekkert að taka ákvarðanir heldur bara sjái til. Það skiptir mestu máli að maður geri eitthvað.

Ég vann sem lay-out maður á Vísi eftir Myndlista- og handíðarskólann og svo var ég einn af stofnendum Helgarpóstisins 1979. Ég hafði verið með Árna Þórarinssyni á helgarblaði Vísis og hann ýtti mér út í það að fara að myndskreyta greinar og pistla og þá fór ég aftur að fá áhuga því ég var eiginlega búinn að leggja það til hliðar að verða myndlistarmaður. Ég var í eitt ár á Helgarpóstinum en fór svo út til Bandaríkjanna í nám. Ég hafði velt þrem borgum fyrir mér en það voru Berlín, London og New York en á þessum árum var ekki mikið um að vera í London og ég endaði á að velja New York því mér fannst hún meira spennandi en Berlín og það var þægilegra upp á tungumálið.

Ég endaði svo í School of Visual Arts á Manhattan en þetta er skóli sem er í mörgum byggingum í miðborginni og er gríðarlega skemmtilegur. Maður valdi sér prófessora sjálfur og ég hafði þann háttinn á að reyna að velja ólíka prófessora sem ég vissi að væru á sitthvorum kantinum í sinni afstöðu til myndlistar og fékk mjög skemmtilegar umræður út úr því en námið fór aðallega fram í umræðuformi, þú bara vannst þínar myndir og svo koma þeir og skoða og diskútera og ég fékk mjög líflig viðbrögð. Við Hulda Hákon, konan mín vorum þarna í fimm ár og komum heim 1986.

Þetta er á þeim tíma sem hið svokallaða nýja málverk er í þróun, ekki satt?

Jú, þetta voru mjög spennandi tímar,

þarna eru þessir amerísku málara að koma fram, Schnabel og þessir og Þjóðverjarnir og Ítalirnir eru líka að fara í gang og borg eins og New York er þannig að ef eitthvað er að gerast einhversstaðar þá er það komið til New York skömmu síðar þannig að maður fékk alla þessa alþjóðlegu bylgju. Það var alltaf verið að opna ný gallerí og við sýndum nokkrum sinnum þarna úti og sum þessara gallería lifðu í mörg ár en önnur voru komin á hausinn eftir opunarhelgina. Maður þurfti að fylgjast vel með því sem var í gangi en þetta var skemmtilegur tími og lifandi.

Þú hefur sýnt ansi víða er það ekki?

Jú við kynntumst finnskum sýningarstjóra sem kom til New York og ætlaði upprunalega að tína til hóp af Norðurlandabúum sem voru að læra þar. Hún byrjaði á að tala við okkur eftir ábendingu frá vinkonu Ólafs Lárussonar en hann hafði verið í Sveaborg og bent á okkur og síðan leiddum við hana áfram til þeirra sem við þekktum þarna. Hún furðaði sig á hvað voru margir Íslendingar í borginni og breytti sýningunni úr Norðurlandasýningu í íslenska sýningu sem hét Miklatún – Manhattan sem var sett upp á fimm eða sex stöðum. Upp úr þessu komumst við í samband við nokkur gallerí í Svíþjóð og Finnlandi og sýndum mikið þar og á stórum farandsýningum sem fóru út um allt t.d. ein sem hét Transparensia Azul sem var opnuð í Moderna Museet í Stókkhólmi og fór svo um nútímalistasöfnin í Suður-amerikúlöndunum og endaði í Portúgal. Það var fullt af svona tækifærum sem komu í gengum Norðurlöndin þannig að við sýndum býsna mikið.

Hvernig myndirðu lýsa þinni list, hvernig listamaður ertu?

Ef ég horfi á það hvernig ég vinn í dag þá er það mjög ólíkt því sem ég gerði í byrjun. Í byrjun vann ég mjög mikið eftir ljósmyndum og undir áhrifum frá

FYRSTA ALVÖRU NET-KJÖTBÚÐIN

www.kjotbudin.is

- Þú sækir eða færð sent
- Nú getur þú verslað okkar helstu vörur á heimasíðunni okkar
- Við þökkum kjötinu, meðlæti, sósunni og eftirréttinum
- Engar biðraðir
- Fljótlegt og gott úr kjötbordinu
- Láttu fagmenn velja þína steik



Grensásvegi 48 • Sími 571 5511 • kjotbudin@kjotbudin.is

SÆLKERAVERSLUN • GRILL- OG VEISLUÞJÓNUSTA • KJÖTVINNSLA



Þetta er hluti seríu sem Jón Óskar er að vinna með Bjarna Sigurbjörnssyni

konsepttímanum en svo fannst mér það ekki nógu gott, að það væri einhver daufur endurómur af því sam hafði verið gert á áttunda áratugnum og fór út í það að mála. Í byrjun voru myndir mínar mest út frá trúarlegum myndum og pólitískum plakötum, oft myndir af upphöfnum mönnum en líka næturklúbba-myndir. Þetta þróaðist yfir í það að ég tek út allar þessar figúru og fer að vinna með munstur sem ég byggði kannski á veggfóðri eða einhverjum efnum. Ég fór að horfa á myndir eins og þær væru bakgrunnur fyrir þá sem eru að skoða þær og síðan þróaðist þetta yfir í það að það losnar um allt hjá mér og ég fer í raun að elta myndirnar, ég byrja á einhverjum fleti og hef ekki hugmynd um hvað ég ætla að gera, ég byrja bara á einhverju en það getur endað sem eitthvað allt annað.

Er þetta þá eins og spuni?

Já og í raun vinn ég þetta mjög afstrakt því þú sjáir slitrur af einhverju þekkjalegu þá eru þetta mest afstraktsjónir. Svo einn daginn stendurðu frammi fyrir því að þessi mynd er bara svona, það verður ekki gert meira við hana og þá byrjar maður á næstu mynd. Þannig er ferillinn hjá mér í dag, svona nokkurnveginn en myndirnar geta tekið mislangan tíma, sumar eru hjá mér í tvo mánuði, aðrar bara gerast. Fyrir nokkrum árum var ég til dæmis að vinna mynd sem var



Þetta er verk frá 2020

180x180 sm, byrjaði á henni, dró upp eitthvað í grófum dráttum og litaði fleti. Ég var þá í raun að byrja á myndinni en fór ég upp og náði mér í kaffibolla og ætlaði að halda áfram en stóð þá allt í einu frammi fyrir því að mér fannst hún vera tilbúin og að ég þyrfti ekki að gera neitt meir. Þetta eru mjög skrítnar og skemmtilegar upplifanir því það er eins og myndin segi við þig: Þetta er orðið gott, ekki meir.

Það sem ég set oft í þessar myndir eru samklippur, ég er með skissur, ljósmyndir eða teikningar eftir mig eða aðra og ég legg oft út frá verkum annara listamanna, eftir skissum að málverkum sem þeir hafa aldrei lokið við. Mér hefur þótt það mjög skemmtilegt og þá er það efni frá öllum hugsanlegum tímum, úr sögunni eða 20. öldinni eða kannski bara nýtt krot sem ég finn eftir aðra á netinu. Ég er mjög hrifinn af því sem er kallað doodles eitthvað sem þú ert að krotta en veltir ekki mikið fyrir þér. Þetta eru oft mjög skemmtilegar myndir því þær eru svo kæruleysislegar og afsappaðar.

Hvað stendur svo til hjá þér á næstunni?

Í kóvítinu fór ég að vinna við teikningar sem eru svona 50x70 sm og ég sé fyrir mér að vera með sýningu í haust sem er lokuð og þú skoðar hana bara utan frá. Þá myndi ég betrekkja gallerið frá gólfi og upp í loft og þú getur fengið fund með

galleríinu og skoðað myndirnar betur en fyrst og fremst yrði þetta gluggasýning sem myndi líklega njóta sín best eftir að farið er að dimma. Ég hef líka verið að vinna með Bjarna Sigurbjörnssyni, félagi mínum, þetta er í þriðja skipti sem við setjumst niður og vinnum myndir saman sem er mjög skemmtilegt ferli. Við höfum ekki stjórn hvor á öðrum og vinnum til skiptis í flötin og þá verða átök, ég kannski mála yfir eitthvað sem hann hefur verið ánægður með. Við gerum þetta í nokkur skipti og komumst smám saman að einhverri lokaniðurstöðu. Við vonumst til að geta sýnt þetta einhvern tíma í vetur.

Að lokum, hvornig var svo að vera krakki í Kleppsholti?

Mér finnst mjög vænt um Kleppsholtið. Foreldrar mínir byggðu hús í Garðahreppi sem er Garðabær núna og ég kem þangað þegar ég er tólf ára að verða þrettán og á heima þar framundir tvítugt. Ég eiginlega náði aldrei sambandi við Garðabæinn og ég sæk í Kleppsholtið og fer reglulega í gegnum það því það er eins og að fá jarðsamband fyrir mig. Mér finnst gott að keyra eða labba í gegnum hverfið til að ná fótfestu í lífinu því ég átti góðar stundir þarna. Ég held að staðurinn þar sem þú elst upp sem barn og unglungur sé staðurinn sem býr alltaf innra með þér.



Leikfélagar í Kleppsholt. Jón Óskar er til vinstri og svo bræðurnir Magnús og Björgvin "stóri" Ólafssynir.



Þarna ólst Óskar upp. Hjallavegur 29



**Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það**

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

M MYNDBANDAVINNSLAN M

V

V

V

MP3 • MP4 • WAV • QuickTime • AVI • MPEG 2 • JPEG • TIFF
 Snældur • 1/4" • Vinyl • DAT • JAZ • ZIP • Floppy • SD • USB
 VHS • VHS-C • S-VHS • Betamax • Hi8 • Digital 8 • Mini DV • HDV
 DCP • HDCAM • DigiBeta • BetaSP • Tomma • U-Matic • 8mm • 16mm

Stafræn afritun og fjölföldun
 Myndbönd • Tónbönd • Tölvugögn
 8 og 16 mm kvikmyndafilmur • Skyggjur

Hátúni 6a • 105 Reykjavík • Sími 562 1026
 www.mbv.is • mbv@mbv.is

Útfararþjónusta

Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Rúnar Geirmundsson

Sími • 567 9110 • utfarir@utfarir.is • www.utfarir.is

Viðhaldslitlar

ÁLPAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfírri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfjár“ þakrennur

Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0.9 mm áli og tærast ekki, ryðga né brotna. Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.
Litir til á lager: Svartar, hvítar, gráar, rauðbrúnar og ólitaðar.



HAGBLIKK ehf.

Smiðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is



Skátar eru þekktir fyrir að súrta saman trönur og hér hafa þátttakendur búið til þægilegt hengirúm til að slappa af í. Ljósmynd: Auðbjörg K Straumland



Unnur Líf Kvaran, skólastjóri Útillfsskóla Skjöldunga, telur mikilvægt að börn fái að leika sér í frjálsum leik úti í náttúrunni. Ljósmynd: Auðbjörg K Straumland



Þátttakendur á námskeiðum Garðbúa gistu í tjöldum við Lækjarbotna og nýttu sér náttúruna í kring. Ljósmynd úr safni Garðbúa.

Frjáls úti í náttúrunni

Þátttakendur í Útillfsskóla skáta voru víðförlur í sumar. Boðið var upp á námskeið hjá tveimur skátafélögum í borgarhlutanum.

Íbúar Laugardals, Háaleitis og Bústaða hafa vafalaust orðið varir við káta krakka sem hafa þeyst um hverfin með skátaklút um hálsinn. Þetta eru þátttakendur í Útillfsskóla skáta, sem hafa haft alls konar ævintýri fyrir stafni í sumar á námskeiðunum, sem byggjast á útivist, hópefli og þátttöku.

Öllu tjaldað til!

Skátafélagið Garðbúar í Hólmgarði bauð upp á spennandi dagskrá, þar sem börnin tókust á við ýmis verkefni, eins og að læra að tálga, kveikja eld og grilla brauð. Klifur í gömlu grjótnámunum í Öskjuhlíð var fastur liður sem sló í gegn og sömuleiðis kassaklifur, þar sem gömlu kössum undan kókflöskum er staflað upp á meðan ofurhuginn klifrar upp staflann sjálfan. Júlía Kristjánsdóttir,

skólastjóri útillfsskóla Garðbúa, segir að útilegumar hafi verið hápunktur sumarsins: „Krökkunum finnst svo gaman að gista í tjöldum og svæðið umhverfis Lækjarbotna er svo spennandi,“ en Lækjarbotnar eru skátaskáli Garðbúa rétt austan við borgina.

Náttúran er leikvöllurinn

Þátttakendur á námskeiðum Skjöldunga í Sólheimum voru ekki síður víðförlur, en hluti námskeiðsins fór fram við Hleiðru, skátaskála Skjöldunga við Hafvatn. „Frjáls leikur er svo mikilvægur fyrir þroska barnanna og í Hleiðru gefst krökkunum gott svigrúm til að finna sig í ýmsum verkefnum í náttúrunni,“ segir Unnur Líf Kvaran, skólastjóri Skjöldunga. Auk þess að njóta þess sem Hafvatn og svæðið í kring hefur upp á að bjóða hafa þátttakendur nýtt sér öll þau fjölmörgu tækifæri til útivistar sem borgin hefur upp á að bjóða, svo sem með sundi í Nauthólsvík eða heimsókn í Húsdýragarðinn. „Þetta snýst náttúrulega fyrst og fremst um að

bjóða upp á fjölbreytta dagskrá og áskoranir fyrir krakkana,“ bætir Unnur Líf við.

Stefnan tekin á Landsmót skáta

Það hefur verið mikilvægt fyrir börn á grunnskólaaldri að fá tækifæri til að umgangast jafnaldrá sína í sumar, eftir krefjandi áskoranir vorsins. Nú vinna skátarnir hörðum höndum að því að undirbúa haustið, en vikulegt skátastarf hefst í september. Skátarnir nota skapandi hugsun til að takast á við heimsfaraldurinn og eiga ekki í erfiðleikum með að aðlaga dagskrána að fyrirmælum yfirvalda, án þess að slaka nokkuð á fjörunu. Skjöldungar og Garðbúar stefna á að taka þátt í Landsmóti skáta á Akureyri næsta sumar og helgast skátastarfið því af undirbúningi fyrir það í vetur.

Nánari upplýsingar um skátastarf í hverfinu og dagskrá vetrarins er að finna á vefsíðum félaganna, skjöldungar.is og garbuar.com.

Speglar
Innrömmun
Glersala

Erlendar Ó. Ólafssonar

GLERIDJJA

Opið mánud. - föstud. kl. 8-18 og laugard. kl. 10-16
Laugarnesvegi 52 • 105 Reykjavík

Mikið úrval af plakötum!



maria nila
STOCKHOLM



**Hársnyrtistofa
DÓRA**

Hárgreiðslu- og rakarastofa
Langhóltsvegi 128 • Sími 568 5775



Vetrarstarf KFR að hefjast

Nú fer að breyta á vetrarstarf Karatefélags Reykjavíkur 2020-2021 í kjallaranum í Laugardalslaug. Æfingar haustannar 2020 hefjast mánudaginn 31. ágúst samkvæmt æfingatöflu. Skráningar eru hafnar inn á heimasíðunni okkar <http://karatedo.is/>.

Byrjendaæfingar hefjast 1. september og viljum við minna á að byrjendaæfingar barna og fullorðna verða á sama tíma þriðjudaga og fimmtudaga frá kl 17.30 til 18.15 fyrir börn og 17.30 til 18.30 fyrir

fullorðna. Það er því tilvalið fyrir foreldra að koma og nýta tímann og æfa á sama tíma og barnið. Öllum velkomni að koma og prufa nokkrar æfingar.

Starfi Karatefélagsins verður hagað í samræmi við sóttvarnareglur og þau samkomubönn sem eru í gildi og eða verða sett á. Sumaræfingar halda áfram til föstudagsins 28. ágúst og viljum við minna alla á reglur og bönn sem eru í gildi hvað varðar covid19. Karatefélag Reykjavíkur hvetur alla iðkendur og

velunnara félagsins að vera samstiga alls staðar í því ferli sem er í gangi að þrifa sig og spritta og forðast sem mest nánari snertingu.

Vonandi kemur veturinn 2020-2021 til með að þurrka út þetta ástand sem er í dag svo hægt sé að halda áfram í þeirri flottu vegferð sem við erum í.

Karatefélag Reykjavíkur
- Laugardalslaug

70 ára



NÝJA
SENDIBÍLASTÖÐIN
SÍMI 568 5000

Traustir bílstjórar
á traustum grunni

KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR

OKINAWAN GOJU-RYU KARATE

Íþrótt fyrir alla, allt árið - verið velkomin



沖繩剛柔流



**Allir byrjendur fá fyrstu 2 vikurnar til
að prufa án þess að skrá sig.**

Innifalið í æfingagjöldum byrjenda er karategalli (GI).

Sundlaugarhúsinu Laugardal, 105 Reykjavík
Sími: 553-5025 | kfr@simnet.is | www.karatedo.is

BUCKET L[✓]STINN

■ 20 HOT WINGS

■ 8 ORIGINAL LUNDIR

✓ 10 ORIGINAL LEGGIR

ÞÚ VELUR EINA FÖTU OG SÓSA
FYLGIR MEÐ TIL AÐ DÝFA Í

2.590 kr.

ÍSLENSKT Í 40 ÁR

KFC

Col. Harland Sanders